



TILLAGA

Tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokks, Viðreisnar og Framsóknarflokks

Velferðarsviði er falið að leita leiða til að tryggja varanlegt og hentugt húsnæði fyrir starfsemi skaðaminnkandi úrræðisins Ylju miðsvæðis í Reykjavík.

Greinargerð:

Velferðarsviði er falið að kanna með hvaða hætti Reykjavíkurborg geti komið að því, í samstarfi við Rauða krossinn á Íslandi, að finna lausn á húsnæðismálum skaðaminnkandi úrræðisins Ylju, með það að markmiði að tryggja varanlegt og hentugt húsnæði fyrir starfseminni miðsvæðis í Reykjavík.

Við matið verði sérstaklega horft til:

- mikilvægi staðsetningar fyrir aðgengi þjónustuþega, með hliðsjón af hagsmunum þeirra sem búa og starfa í nærumhverfi starfseminnar.
- möguleika borgarinnar til að styðja við lausn málsins, svo sem með húsnæði, lóðum eða annarri aðkomu.

Niðurstöður greiningarinnar verði lagðar fyrir velferðarráð.

